

máli við efnisúrlausn málsins. Við þessar sérstöku aðstæður er á það fallist með stefnda að ekki sé rétt að dómari sem Alþýðusamband Íslands hefur tilnefnt sitji í dóminum í máli þessu. Telja verður að sú niðurstaða samræmist 39. gr. laga nr. 80/1938, sem skýra ber nú með hljóðjón af ákvæðum 1. mgr. 6. gr. Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Ber því dómaranum Jóni Þorsteinssyni hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, að víkja sæti í málinu. Eftir atvikum þykir rétt að forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, og Gunnar Guðmundsson.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Jón Þorsteinsson hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víkur sæti í máli þessu. Forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað.

**S é r a t k v æ ð i  
Jóns Þorsteinssonar.**

Í 59. gr. stjórnarskránnar segir að skipan dómvaldsins verði eigi ákveðin nema með lögum. Mælt er fyrir um skipan Félagsdóms í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986. Hvergi í lögum þessum eða öðrum settum lögum er að finna heimild til þess að skipa Félagsdóm með þeim hætti, sem stefndi gerir kröfu til í máli þessu. Því verður að synja kröfu stefnda um að dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti en í hans stað verði stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, gefinn kostur á að tilnefna mann í dóminn eða að forseti Félagsdóms geri það. Til áréttingar þessari niðurstöðu vísast til úrskurðar Félagsdóms í málinu nr. 2/1939 á bls. 5-6 í l. bindi dómasafns.

Miðvikudaginn 19. janúar 1994.  
**Vinnuveitendasamband Íslands**  
**f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf.**  
(Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.)  
gegn

**Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**  
(Gestur Jónsson hrl.)  
**og til réttargæslu**  
**Alþýðusambandi Íslands**  
**f.h. Bifreiðastjórnarfélagins Sleipnis,**  
**Landssambands íslenskra verzlunarmanna vegna Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Verkamannasambands Íslands vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Verkakvennafélagsins Framsóknar og Verkstjórnasambandi Íslands**  
**f.h. Verkstjórnarfélag Reykjavíkur**  
(Lára V. Júlíusdóttir hdl.)

Ólögmat vinnustöðvun. Sératkvæði.

**Dómur Félagsdóms.**

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Eiríkur Helgason og Gunnar Guðmundsson.  
Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Strætisvagna Reykjavíkur hf., kt. 621093-2159, Borgartúni 35, Reykjavík.  
Stefndi er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, kt. 440169-0159, Grettisgötu 89, Reykjavík vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, kt. 620269-2989, Grettisgötu 89, Reykjavík.  
Réttargæslustefndu eru Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Bifreiðastjórnarfélagins Sleipnis, kt. 600269-2409, Skipholti 50A, Reykjavík, Landssambands íslenskra verzlunarmanna, kt. 420269-0489, Hverfisgötu 105, Reykjavík vegna Verslunarmannafélags Reykjavíkur, kt. 690269-2015, Kringlan 7, Reykjavík, og Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Lindargötu 9, Reykjavík, vegna Verkamannafélagsins Dagsbrúnar,

kt. 500169-4949, Lindargötu 9, Reykjavík og Verkkavennafélagsins Framsóknar, kt. 560169-1679, Skipholti 50A, Reykjavík, svo og Verkstjórásamband Íslands, kt. 680269-7699, Síðumúla 29, Reykjavík, f.h. Verkstjóraráfélags Reykjavíkur, kt. 680269-6619, Skipholti 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru:

1. Að vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. sem boðuð var af stefnda Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 miðvikudaginn 19. janúar 1994 verði dæmd ólögmet.
2. Að stefndi Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar verði dæmdur til greiðslu sektar.
3. Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnda eru:

Að sýknað verði af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar til handa stefnda.

Af hálfu réttargæslustefndu eru ekki hafðar uppi kröfur í máli þessu, nema af hálfu Verkstjórásambands Íslands f.h. Verkstjóraráfélags Reykjavíkur, sem gerir kröfu um málsvarnarlaun úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest hinn 12. janúar sl. Af hálfu stefnda var gerð sú krafa að Jón Þorsteinsson hrl., sá dómenda í Félagsdómi sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti í þessu máli, og í hans stað verði stefnda gefinn kostur á að tilnefna mann í dóm-inn eða forseti Félagsdóms tilnefni dómara í hans stað. Með úrskurði uppkveðnum 15. janúar sl. var fallist á þá kröfu og var Eiríkur Helgason tilnefndur af forseta dómsins til þess að taka seti í dómnum. Málið var dómtekið að loknum munnlegum málfutningi hinn 17. janúar sl.

*Málavaxtalýsing stefnanda.*

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur þann 26. ágúst 1993 hafi verið ákveðið að stofna hlutafélagið Strætisvagna Reykjavíkur hf. sem tæki við rekstri Strætisvagna Reykjavíkur. Í samþykktinni segi að um kjör og réttindi þeirra starfsmanna SVR sem taki boði um endurráðningu hjá SVR hf. fari með þeim hætti sem fram kemur í skýrslu fram-

kvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar til Borgarráðs dags. 27. júlí 1993.

Með bréfum dagsettu 27. ágúst hafi öllum starfsmönnum SVR verið sagt upp störfum samhliða því að þeim var boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi. Í bréfinu segir að samkvæmt samþykkt borgarstjórnar skuli atvinnuöryggi, laun, launakjör og önnur réttindi tryggð með þeim hætti sem fram kemur í nefndri skýrslu framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar. Þar komi m.a. fram að heimildir hins nýja hlutafélags muni að öllu leyti verða sambærilegar við það sem almennt tókast hjá sambærilegum aðilum á almennum vinnumarkaði. Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.) hafi sent greinargerð þessa til allra starfsmanna. Samkvæmt bréfinu skyldu þeir starfsmenn sem kysu að taka starfi hjá hinu nýja félagi með þessum kjörum skila hjálögðu samriti undirrituðu til skrifstofu SVR eigi síðar en 30. september 1993. Hafi allir þeir starfsmenn SVR sem tóku boði um ráðningu hjá SVR hf. gengið að þessum kjörum með undirritun sinni á umsókn um ráðningu.

Stefndi hafi síðan boðað til aukaaðalfundar þann 25. nóvember 1993. Hafi þar verið samþykkt breyting á lögum félagsins með það að markmiði að opna félagið starfsmönnum fyrirtækja sem starfa í almannaþágu og hafi verið í eigu borgarinnar, en séu nú rekin af öðrum aðilum.

Hlutafélagið SVR hf. sem sé beinn aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands hafi síðan tekið við starfsemi SVR þann 1. desember 1993. Þá hafi verið ráðnir til starfa hjá hinu nýja fyrirtæki nær tvö hundruð starfsmenn, en þorri þeirra hafi starfað áður hjá SVR.

Ágreiningur hafi verið um ráðningarkjör þeirra starfsmanna SVR hf. sem áður störfuðu hjá SVR. Af hálfu stefnanda hafi því verið tekin saman greinargerð um ráðningu og ráðningarkjör starfsmanna. Greinargerðin hafi verið rædd á fundi með stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og Alþýðusambandi Íslands þann 2. desember, m.a. að því er varðar spurningar um félagsaðild starfsmanna. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins var skýrt tekið fram á fundinum að kjarasamningur St.Rv. og Reykjavíkurborgar hefði ekkert gildi eftir 1. desember 1993, þar sem hið nýja félag væri óbundið af þeim samningi. Hafi stefnandi staðið í þeirri trú að stefndu St.Rv. og ASÍ ætluðu að ræða þessi mál frekar sín á milli og hafa síðan samband við stefnanda að nýju. Þann 9. desember hafi

stefndi St.Rv. hins vegar ritað stjórn SVR hf. bréf og krafist kjarasamnings við félagið. Jafnframt hafi stefndi ritað borgarsjóranum í Reykjavík bréf þann 4. desember og efnt til blaðamannafundar þann 6. s.m. til að skýra kröfur sínar. ASÍ hafi brugðist við með greinargerð til St.Rv. um kjör og hagsmuni starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur hf., dags. 10. desember 1993. Í greinargerðinni komi skýrt fram sú afstaða ASÍ að forgangsréttarákvæði kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ og VSÍ gildi um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf. og að atvinnurekendum sé óheimilt að hafa aðra starfsmenn í starfi á samningssviði aðildarfélaga ASÍ en þá sem séu félagar í þeim samtökum.

Stjórn SVR hf. hafi svarað umleitan St.Rv. um samningaviðræður þann 13. desember með því að ógerningur væri að verða við þeim óskum félagsins. Slíkur samningur færi augljóslega í bága við samningsskuldbindingar fyrirtækisins gagnvart þeim aðildarfélögum ASÍ sem hér ættu hlut að máli. Að frumkvæði St.Rv. hafi síðan verið haldinn fundur með stefnanda og stefndu, BSRB og St.Rv. 21. desember 1993 þar sem afstaða beggja aðila var rædd. Með bréfi dagsettu 4. janúar 1994 hafi St.Rv. enn krafist gerðar kjarasamnings og SVR hf. jafnframt kynnt niðurstaða atkvæðagreiðslu um heimilid til verkfallsboðunar. Daginn eftir þann 5. janúar hafi stjórn SVR hf. gert samþykkt sem send var starfsmönnum þar sem afstaða stjórnarinnar til deilunnar sé rakin og lögð áhersla á að hið nýja félag starfi á almennum vinnuarkaði samkvæmt þeim reglum sem þar gildi og því óhákvæmlega að breyting verði á aðild starfsmanna að St.Rv. Jafnframt hafi þeim tilmælum verið beint til starfsmanna að ljúka staðfestingu ráðningarsamninga sinna fyrir 15. janúar. Hafi það verið gert í þeirri von að það myndi leiða til þess að friður næðist um þessi mál en með ráðningarsamningum hafi réttindi hvers og eins starfsmanns verið tryggð í samræmi við þau fyrirheit um einstaklingsbundin áunnin réttindi sem gefin hafi verið með samþykkt borgarstjórnar, 26. ágúst 1993. Stór hluti starfsmanna hafi þá þegar gengið frá skriflegum ráðningarsamningi við SVR hf. á grundvelli kjarasamninga aðildarfélaga ASÍ. Við verkfallsboðun stefnda hafi rúmlega 90 starfsmenn gert slíka ráðningarsamninga.

St.Rv. hafi síðan vísað deilunni til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 7. janúar 1994. Bréfinu hafi fylgt kröfugerð þar sem þess hafi verið krafist að gerður yrði kjarasamningur milli St.Rv. og SVR hf.

sem byggir eftir því sem við geti átt á kjarasamningi milli St.Rv. og Reykjavíkurborgar er gilti um kjör starfsmanna SVR. Inn í kjarasamninginn yrðu einnig tekin ákvæði um réttindi samhliða þeim sem áður giltu fyrir starfsmenn SVR skv. lögum, reglugerð, einhliða ákvörðunum Reykjavíkurborgar eða öðrum heimildum. Af hálfu stefnanda hafi því verið svarað þann 10. janúar 1994 að ekki væri kjaradeila milli aðila og því engin efni til fundahalda hjá sáttasemjara. Um klukkustund síðar hafi verkfallsboðun sú sem mál þetta snýst um borist stefnanda. Stefndandi hafi þegar mótmælt lögmati verkfallsboðunarinnar og skorað á stefnda St.Rv. að draga hana til baka. Því hafi verið hafnað, sbr. bréf stefnda dags. 11. janúar 1994, og því sé málshöfðun þessi óhákvæmlega.

#### *Málsáttæður og lagarök stefnanda.*

Stefndandi tjáir mál þetta höfðað á grundvelli 1. og 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga. Byggir hann kröfugerð sína á því, að verkfallsboðun stefnda sé brot á II. kafla laga nr. 80/1938 og fari í bága við ákvæði gildandi kjarasamninga stefnanda og réttargæslustefndu, aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands og Verkstjórásambands Íslands, og sé andstætt eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði og sé því ólöglegt.

Stefndandi bendir á að verkfall stefnda sé boðað með einnar viku fyrirvara skv. 16. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur til að knýja á um gerð kjarasamnings fyrir meginþorra allra starfsmanna SVR hf., skrifstofufólk, verkstjóra, vagnstjóra, starfsmenn þvottastöðvar o.fl. Samkvæmt 2. gr. sömu laga njóti stéttarfélag því aðeins réttinda og verndar samkvæmt lögumum að það sé opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, sem aldrei má vera minna en eitt sveitarfélag. Stefndi uppfylli ekki þetta skilyrði og sé því ekki lögformlegur samningssaðili fyrir starfsmenn SVR hf., skv. 5. gr. nefndra laga. Félaginu sé því óheimilt að gera verkfall til að knýja á um kröfur sínar samkvæmt II. kafla laganna. Vísar stefndandi máli sínu til stuðnings til dóms Félagsdóms 5. júlí 1984 í máli nr. 6/1984.

Stefndandi byggir kröfu sína einnig á því að hann sé bundinn af gildandi kjarasamningum við réttargæslustefndu, aðildarfélög ASÍ og Verkstjórásamband Íslands. Kjarasamningar þessir taki til allra þeirra starfa og starfsmanna sem stefndi krefst kjarasamnings fyrir á sama hátt og starfsmanna annarra aðildarfyrirtækja Vinnuveitenda-

sambands Íslands. Í kjarasamningum þessum séu ýmist aðildar skyldu- eða forgangsréttarákvæði, sem kveði á um að starfsfólki því sem samningurinn taki til sé skylt að vera félagar í viðkomandi stéttarfélagi eða tryggja félagsmönnum viðkomandi stéttarfélags forgang til starfa umfram aðra starfsmenn. Verkfalli verði ekki beitt gagnvart stefnanda til að knýja á um gerð kjarasamnings þar sem hann sé þegar bundinn af gildandi kjarasamningum. Það sé grundvallarregla að hafi stéttarfélag náð samningi um forgangsrétt félagsmönnum sínum til handa megi stéttarfélag í sömu starfsgrein ekki beita verkfalli til að knýja sama vinnuveitanda til að veita sér sama rétt, sbr. F.d. VII. bls. 154. Þá sé stefnanda ennfremur ómögulegt efnislega að verða við þeirri grundvallarkröfu stefnda að tryggja starfsmönnum sínum réttarstöðu opinberra starfsmanna.

Stefnandi vísar til ákvæða um aðildarskyldu skrifstofufólks í V. kafla kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og kveður liggja skýrt fyrir að SVR hf. sé bundið af að hafa ekki aðra skrifstofumenn í vinnu en þá sem séu félagar í því stéttarfélagi. Þá kveður stefndi sig einnig vera bundinn af forgangsréttarákvæðum í kjarasamningum verkamanna og verkstjóra. SVR hf. starfi sem sérleyfishafi með áætlunarferðir í Reykjavík. Samkvæmt gr. 5.1. í kjarasamningi Bifreiðastjórafélagsins Sleipnis sé stefnanda óheimilt að taka eða hafa aðra bifreiðastjóra til aksturs sérleyfis- eða hópferðabifreiða en þá sem séu félagar stéttarfélags innan ASÍ. Þá hafi Verkamannafélagið Dagsbrúnn einnig samning um kaup og kjör bifreiðastjóra, sem m.a. taki til hópferðabifreiðastjóra og hafi nokkrir af vagnstjórum SVR hf. leitað eftir aðild að því félagi. Með vísan til þessa sé stefnanda því ómögulegt að verða við kröfum stefnda nema brjóta gegn samningskuldbindingum sínum.

Samkvæmt 17. gr. 1. nr. 80/1938 er sérstaklega tekið fram að óheimilt sé að hefja vinnustöðvun, ef ágreiningur sé einungis um atvikið sem Félagisdómur eigi úrskurðarvald um. Í 1. og 2. tölulið 44. gr. 1. nr. 80/1938 segir að það sé verkefni Félagisdóms að dæma í málum, sem rísa út af kærnum um brot á lögnum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.

Í máli þessu sé deilt um skilning á ákvæði 2. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur og einnig áhrif kjarasamninga stefnanda og réttargæslustefndu. Stefnda hafi því borið skylda til og átt rétt á að fá úr ágreiningi aðila skorið fyrir Félagisdómi. Þann rétt hafi stefndi

ekki nýtt sér, heldur boðað ólögætta vinnustöðvun til að knýja stefnanda til gerðar sérstaks kjarasamnings við sig, sem yrði í andstöðu við þegar gerða kjarasamninga í sömu starfsgreinum.

Þá kveðst stefnandi skora á stefnda að upplýsa hvaða starfsmenn SVR hf. hann krefjist kjarasamnings fyrir. Tæplega helmingur starfsmanna félagsins hafi áður en til verkfallsboðunar stefnda hafi komið skrifað undir ráðningarsamninga á grundvelli kjarasamninga réttargæslustefndu ASÍ eða Verkstjórásambands Íslands og hafi gerst félagar í þeim félögum. Þessir starfsmenn séu bundnir lögmeð- um kjarasamningum og beri því ekki skylda til og sé jafnframt óheimilt að hlýða verkfallsboði stefnda, þó svo að einhverjir þeirra kunni jafnframt að vera félagsmenn hans.

Af hálfu stefnanda sé einnig byggt á því að skv. 3. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur verði félagsmenn stefnda því aðeins bundnir af samþykktum hans að þær hafi verið löglega gerðar. Ekki hafi verið farið að lögum við samþykkt breytinga þeirra sem gerðar voru á 2. gr. laga stefnda á aukaaðalfundi félagsins þann 25. nóvember 1993. Breytingar þessar sem ætlað hafi verið að gera aðild starfsmanna SVR hf. að félaginu mögulega séu því ógildar og að engu hafandi. Engin heimild sé í lögum stefnda til boðunar slíks aukaaðalfundar. Félagslögin heimili aðeins einn aðalfund sem sé aðsta vald í málefnum félagsins, sbr. 13. gr. félagslaganna. Verkefni aðalfundar séu einnig skýrt afmörkuð í þeirri grein. Af ákvæðum nefndrar 13. gr. og 3. mgr. 14. gr. megi ráða svo óyggjandi sé að aðalfundur sé einungis einn ár hvert og að ekki sé unnt eða heimilt að boða til sérstaks aukaaðalfundar.

Fyrirgreindur aukaaðalfundur hafi verið ólögmeður. Samþykkt fundarins um breytingu á lögum félagsins sé því jafnframt ólögmeð. Að auki því þá heldur sem breytingar á lögum stefnda megi skv. 2. mgr. 14. gr. einungis gera á aðalfundi. Orðalag þess ákvæðis útlíki að lagabreytingum sé ráðið á aukaaðalfundi. Þá byggir stefnandi ennfremur á því að ekki hafi verið boðað til fundarins með lögmögulegum hætti með þriggja sólarhringa fyrirvara, eða hann auglýstur réttilega, sbr. 12. gr. félagslaga stefnda. Samkvæmt framansögðu hafi ekki löglega verið gerðar þær breytingar á lögum stefnda sem heimili félaginu að hafa aðra en starfsmenn Reykjavíkurborgar innan sinna vébanda.

Þá er skorað á stefnda að upplýsa hvernig staðið hafi verið að

ákvörðun og framkvæmd atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. Hverjir verði hafi á kjörskrá, hvar og hve lengi atkvæðagreiðslan hafi staðið og hvernig áskilin leynd hafi verið tryggð, skv. a-lið 15. gr. laga um stéttarfélag og vinnudeilur. Þá byggir stefnandi á því að með atkvæðagreiðslunni hafi samninganefnd og félagstjórn ekki verið gefið fullnægjandi umboð til verkfallsboðunar og skotar á stefnda að upplýsa hvernig og á hvaða grundvelli samninganefnd sé skipuð.

Stefndi hefur enga aðra kröfu gert á hendur stefnanda en þá að stefnandi gerði sérstakan kjarasamning við sig vegna alls þorra starfsmanna SVR hf. Stefnanda sé eins og þegar hafi verið rakið óheimilt og ómögulegt að verða við þessari kröfu. Fyrir þessar löglausu athafnir og háttsemi, þ.e. þvingun í formi verkfallsboðunar til að reyna að knýja stefnanda til sammingsbrota gagnvart réttargæslustefndu, beri skilyrðislaust að dæma stefnda til sektar lögum samkvæmt, sbr. 70. gr., sbr. 65. gr. l. 80/1938.

Þá er áskilinn réttur til að krefja um skaðabætur í sérstöku máli vegna þess tjóns sem hljófast kunnir af hinni ólögmetu verkfallsboðun.

#### *Málavaxtalýsing stefnda.*

Reykjavíkurborg hafi um árabíl annast rekstur SVR (Strætisvagna Reykjavíkur) og hafi flestir starfsmenn fyrirtækisins, þ.m.t. allir vagnstjórar, verið félagar í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (St.Rv.). A nýliðnu ári hafi verið tekin ákvörðun um að borgin stofnaði sérstakt hlutafélag, SVR hf., um rekstur strætisvagnanna. Borgarsjóður og Afivaki Reykjavíkur hf., sem séu í eigu borgarsjóðs, séu eigendur alls hlutfjár í SVR hf. Þannig að hlutafélagið sé að öllu leyti eign borgarsjóðs.

Nokkur aðdragandi hafi verið að stofnun hlutafélagsins. Hafi fjórti gætt óvissu hjá starfsmönnum SVR um hvert hlutskipti þeirra kynni að verða við formbreytingu á rekstri strætisvagnanna. Til þess að eyða óvissu í þessu efni hafi Markús Örn Antonsson, borgarstjóri, og Sveinn Andri Sveinsson, stjórnarformaður SVR, skrifað persónulegt bréf til allra starfsmanna SVR þar sem gerð hafi verið grein fyrir þeim breytingum sem í vændum væru. Í bréfinu segir:

„... Forsenda þessara breytinga er að allir starfsmenn SVR haldi stórfum sínum og laun og réttindi þeirra verði hin sömu fyrir og eftir breytingar.“

Á grundvelli þessarar yfirlýsingar borgarstjóra hafi starfsmenn talið hag sínum borgið, þ.e. formbreytingin yrði ekki til þess að skerða laun eða starfskjör þeirra að neinu leyti.

Þann 15. júní 1993 hafi fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lagt fram í borgarráði tillögu í ráðinu um fyrirhugaða breytingu á rekstri SVR. Í lið B.1. segir:

„Breyting þessi komi á engan hátt niður á launum, kjörum eða lífeyrisréttindum þeirra starfsmanna SVR sem taka til starfa hjá SVR hf.“

Þann 29. júní 1993 hafi borgarráð Reykjavíkur samþykkt að stefna að stofnun SVR hf. í samræmi við meginatriði tillögu Sjálfstæðismanna í borgarráði. Hafi jafnframt verið gerð tillaga um samráðshóp til þess að fjalla um réttindi, kjör og atvinnuöryggi starfsmanna, sem skyldi ljúka störfum fyrir 1. ágúst 1993.

Samráðshópurinn hafi engri niðurstöðu skilað sem slíkur, en framkvæmdastjóri lögfræði- og stjórnsýsludeildar Reykjavíkurborgar, sem hafði stýrt störfum hópsins, hafi skilað greinargerð til borgarráðs dags. 27. júlí 1993, þar sem fjallað var um réttindi, kjör og atvinnuöryggi starfsmanna við mögulega breytingu á rekstrarformi SVR.

Stjórn St. Rv. hafi gert veigamiklar athugasemdir við efni skýrslunnar í bréfi til borgarstjóra dags. 5. ágúst 1993. Hafi stjórnin minnt borgarstjóra á gefin fyrirheit til starfsmanna um óbreytt laun og starfskjör og bent á hugmyndir um veruleg frávik þar frá sem fram kæmu í greinargerð framkvæmdastjórans. Hafi einkum verið bent á lífeyrismál, biðlaunaréttindi og þá staðreynd að í skýrslunni var gjarnan talað um „sambærileg“ réttindi þar sem fyrirheitið hafði verið um „sömu“ réttindi. Hafi stjórn St. Rv. bent á þann möguleika að starfsmenn SVR yrðu áfram starfsmenn Reykjavíkurborgar á óbreyttum kjarasamningi og byggju við óbreytt réttindakerfi, en launakostnaður, hvað þá varðaði, yrði síðan uppgjörsatriði milli borgarsjóðs og SVR hf. Með þessum hætti mætti tryggja starfsmönnum óbreytt laun og réttindi í samræmi við fyrirheit borgarstjóra og formanns stjórnar SVR. Hafi félagið óskað eftir samráði við borgaryfirvöld um framhald málsins.

Ekki var orðið við þessum hugmyndum af hálfu borgaryfirvalda.

Þann 26. ágúst 1993 hafi verið stofnað hlutafélagið SVR hf. með samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur. Í samþykkt borgarstjórnar

komi fram að félagið skyldi tryggja starfsmönnum SVR starf hjá nýja félaginu í samræmi við greinargerð framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar frá 27. júlí 1993.

Næstu vikur hafi starfsmenn SVR og forsvarsmenn St. Rv. reynt að fá borgaryfirvöld til þess að breyta afstöðu sinni þannig að fyrirheit borgarstjóra um óbreytt laun og réttindi yrðu virt. Það hafi ekki tekist. Viðbrögð yfirgnæfandi meirihluta starfsmanna SVR hafi verið þau að óska eftir því að vera áfram félagsmenn í St. Rv. eftir formbreytinguna í hlutafélag og jafnframt óskað eftir því að St. Rv. kæmi fram fyrir þeirra hönd sem stéttarfélag í samningum við SVR hf. Í september 1993 hafi 134 starfsmenn SVR skrifað undir beiðni til St. Rv. um áframhaldandi aðild að stéttarfélaginu, eftir formbreytinguna á rekstri SVR. Þetta hafi nánast verið allir félagsmenn St. Rv. sem starfað hafi hjá SVR. Þeim til viðbótar hafi 16 nýir starfsmenn SVR hf. ritað undir inngöngubeiðni í St. Rv. í desember 1993. Til þess að mæta óskum þessara félagsmanna hafi verið samþykkt tillaga á fundi í fulltrúaráði St. Rv. þann 11. október 1993. Þar hafi því verið lýst yfir að stjórn og fulltrúaráð St. Rv. ætluðu að beita sér fyrir breytingu á 2. gr. félagslaga á næsta aðalfundi félagsins þannig að áframhaldandi réttur starfsmanna SVR til aðildar að félaginu orkaði ekki tvímælis.

Fram hafi komið athugasemdir um að viljayfirlýsing fulltrúaráðs og stjórnar St. Rv. nægði ekki til þess að heimila áframhaldandi félagsaðild starfsmanna SVR. Hafi því verið haldinn nýr fundur í fulltrúaráðinu þann 22. nóvember 1993 þar sem samþykkt hafi verið að boða til aukaaðalfundar í félaginu þann 25. nóvember 1993 þar sem lögð yrði fram tillaga um breytingar á 2. gr. félagslaga um félagsaðild og tilgang félagsins.

Aukaaðalfundurinn hafi svo verið haldinn þann 25. nóvember s.l. og hafi tillaga stjórnar og fulltrúaráðs um breytingu á félagslögum verið samþykkt með 102 atkvæðum gegn 2. Lagabreytingin hafi verið um að opna félagið fyrir starfsmönnum fyrirtækja sem starfa í almannabágu og hafa verið í eigu borgarinnar sem nú eru rekin af öðrum aðilum. Þá hafi tilgangur félagsins verið útvíkkaður þannig að félagið færi jafnframt með kjarasamningsfyrirsvar þeirra félagsmanna sinna sem störfuðu á almennum vinnumarkaði, sbr. lög nr. 80/1938. Félagið sé samkvæmt þessu opið öllum starfsmönnum í viðkomandi starfsgrein og félagssvæði þess ekki takmarkað.

Borgarráði hafi verið tilkynnt um þá ætlun St. Rv. að breyta lögum félagsins til þess að geta orðið við óskum starfsmanna um áframhaldandi félagsaðild. Af því tilefni hafi borgarráð samþykkt bókun þar sem segir m.a.:

„Það væri flutun í félagsfrelsi starfsmanna SVR hf. ef borgaryfirvöld hefðu afskipti af því hvernig starfsmenn fyrirtækisins skipuðu málum sínum í þessu tilliti. Borgaryfirvöld gera ekki fyrir sitt leyti athugasemd við að starfsmennirnir verði deild í Starfsmannafélagi Reykjavíkur“.

Á fundum sem haldnir hafi verið með starfsmönnum SVR síðustu dagana í nóvember hafi starfsmenn talið sig fá yfirlýsingar frá forsvarsmönnum SVR hf. og borgaryfirvöldum um að við fyrirheit um óbreytt laun og starfskjör yrði staðið. Hafi félagsmenn St. Rv. gengið til starfa hjá SVR hf. í þeirri trú.

Að ósk VÍSÍ hafi verið haldinn fundur með fulltrúum VÍSÍ, stjórnar SVR hf. og fulltrúum St. Rv. þann 2. desember 1993. Á fundinum hafi verið lögð fram greinargerð VÍSÍ um ráðningu- og ráðningarkjör starfsmanna SVR hf. Í framhaldi af fundinum hafi forsvarsmenn St. Rv. skrifað starfsmönnum SVR hf. bréf dags. 4. des. 1993 þar sem þeir hafi lýst niðurstöðu fundarinnar þannig að það væri ekki ætluð VÍSÍ og forsvarsmanna SVR hf. að standa við gefin fyrirheit um óskert laun og ráðningarkjör. Hafi borgarstjóra jafnframt verið ritað bréf sama dag þar sem þess var óskað að hann beitti sér fyrir því að staðið yrði við fyrirheit borgaryfirvalda gagnvart starfsmönnum SVR. Þá hafi St. Rv. ítrekað óskað eftir því við stjórn SVR hf. að gerður yrði kjarasamningur milli aðila um störf félagsmanna St. Rv. sem hjá SVR hf. starfa.

Þessum óskum félagsins hafi verið hafnað. Hafi því verið borið við af hálfu SVR hf. og borgaryfirvalda að ekki væri hægt að semja við St. Rv. þar sem SVR hf. sé gengið í Vinnuveitendasamband Íslands og hafi þar með skuldbundið sig til þess að semja einungis við stéttarfélag innan ASÍ um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf. Sé þar skírskotað til forgangsreitarákvæða ýmissa kjarasamninga. Virðast forsvarsmenn borgarinnar og SVR hf. telja að loforð gefin VÍSÍ, við inngöngu SVR hf. í þau samtök, séu af einhverri ástæðu gildari en loforð til starfsmanna fyrirtækisins um óbreytt launakjör og afskiptaleyfi af stéttarfélagið. Hafi forsvarsmenn SVR hf. í framhaldinu gengið mjög ríkt eftir því við starfsmenn SVR hf. að

þeir undirrituðu persónulega ráðningarsamninga við SVR hf., þar sem fram komi að um kjör þeirra fari eftir kjarasamningi stéttarfélags innan ASÍ. Hafi starfsmönnum ítrekað verið gefið í skyn að framtíð þeirra sem starfsmanna SVR hf. væri í húfi ef þeir færu ekki að óskum fyrirtækisins um að undirrita slíka ráðningarsamninga. Hafi ýmsir félagsmenn St.Rv undirritað slíka samninga. Tekið er fram að starfsmennirnir hafi ekki sagt sig úr St.Rv. og forsvarsmönnum stefnda sé ókunngt um að þeir hafi sótt um félagsaðild að stéttarfélögum innan ASÍ. Er því mótmælt að svo sé. Sérstaklega er mótmælt sem röngu framlögðu yfirliti stefnanda um skiptingu starfsmanna SVR hf. í stéttarfélög. Er annars vegar bent á skriflega og samþykktá ósk starfsmannanna um aðild að St. Rv. og hins vegar á regluna í 1. mgr. 4. gr. félagslaga St.Rv. um að úrsögn úr félaginu skuli vera skrifleg með 3ja mánaða fyrirvara.

Að mati forsvarsmanna stefnda sé sú framkoma forsvarsmanna SVR hf. að reyna að hafa áhrif á óskir starfsmanna um stéttarfélagsaðild, með skilyrðum í ráðningarsamningum, brynt brot á 4. gr. laga nr 80/1938 og samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 og 98, sem Ísland sé aðili að.

Borgaryfirvöld og forsvarsmenn SVR hf. hafi neitað að ræða við St. Rv. um gerð kjarasamnings fyrir félagsmenn sem starfi hjá SVR hf. þrátt fyrir kröfur félagsins þar um. St.Rv. hafi vísað málinu til sáttasemjara, en stefnandi neitað að sækja sáttarfund með þeim rökstuðningi að hann ætti ekki í kjaradeilu við stefnda. Að því svari fengnu hafi stefndi boðað til verkfalls vagnstjóra hjá SVR hf. sem væru félagsmenn í St.Rv.

#### *Málsátæður og lagarök stefnda.*

1. Stefnandi byggir kröfur sínar í fyrsta lagi á því að krafa stefnda um gerð kjarasamnings sé brot á II. kafla 1. 80/1938 og fari í bága við ákvæði gildandi kjarasamninga stefnanda og réttargæslustefndu og sé andstæð eðlilegum starfsháttum á þessu kjaramálasviði.

Þessu er mótmælt. Stefnandi sé samkvæmt. lögum sínum stéttarfélag starfsmanna SVR hf. sem séu í félaginu og hafi fyrir þeirra hönd gert kröfu um gerð kjarasamnings við vinnuveitanda þeirra. Verkfallið sé boðað til þess að vinna að framgangi kröfunnar um gerð kjarasamnings og því heimilt samkvæmt 14. gr. laga 80/1938.

Störf vagnstjóra hjá SVR séu með þeim hætti að ekkert aðildarfélag ASÍ hafi samið um forgangsrétt við VSI um þau störf. Kjara-

samningur Sleipnis innihaldi forgangsréttarákvæði varðandi akstur sérleyfis- eða hópförðabíreiða (grein 5.1). SVR hf. hafi ekkert sérleyfi og SVR hf. annist ekki hópförðir. Það sé því rangt að VSI sé bundið forgangsréttarákvæði varðandi störf vagnstjóra hjá SVR hf.

Þessu til viðbótar verði að skýra heimildir samtaka vinnuveitenda og launþega til þess að gera forgangsréttarákvæði um einstök störf þróngt því þau ákvæði sfangist á við grundvallarreglu íslenskra laga um félagafrelsi og rétt manna til þess að stofna stéttarfélög skv. 1. gr. vinnulöggjafarinnar og rétt stéttarféлага til þess að skipa málum sínum sjálf skv. 3. gr. 1. nr. 80/1938.

Að auki berj að skýra íslensk lög til samræmis við skuldbindingar Íslands skv. sáttmálum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess og samþykktar nr. 98, um grundvallarregluna um rétt manna til þess að stofna félög og semja sameiginlega. Ísland hafi fullgilt báða þessa sáttmála.

Sú afstaða stefnanda að halda því fram að stefndi geti ekki komið fram fyrir félagsmenn sína sem stéttarfélag í kjaradeilu sé ósamrýmanleg 2. og 3. gr. samþykktar nr 87 og 1. og 2. gr. samþykktar nr 98. Sérstaklega er vakin athygli á því að Ísland hafi skuldbundið sig til þess að veita verkamönnum vernd fyrir því að ráðning þeirra til vinnu sé bundin skilyrði um að þeir gangi ekki í stéttarfélag eða segi sig úr slíku félagi (1. tl. 1. gr. samþ. nr. 98) og til þess að veita félögum verkamanna vernd gegn afskiptum samtaka vinnuveitenda af stofnun þeirra, starfsemi eða stjorn, hvort sem þau afskipti séu bein eða framkvæmd af umboðsmönnum eða meðlimum slíkra félaga (1.tl. 2. gr. samþ. nr. 98). Íslenskum dómstólum beri að skýra íslenskar réttarreglur til samræmis við þessar skuldbindingar.

2. Í öðru lagi telur stefnandi að St.Rv. fullnægi ekki skilyrðum 2. gr. 1. nr. 80/1938 um að vera opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. Þetta sé rangt. Félagið sé opið öllum starfsmönnum fyrirtækja sem starfa í almannabágu sem áður hafi verið rekin á vegum Reykjavíkurborgar. Á þessu sé sérstaklega hnykkt í 2. gr. laga félagsins eins og hún sé eftir breytingu á aðalfundi 25. nóvember 1993 með því að tilgreina að félagið starfi að gerð kjarasamninga skv. lögum 80/1938. Sú tilvisun ein nægir til þess að tryggja að óheimilt sé að takmarka aðgang viðkomandi starfsmanna að félaginu.

3. Í þriðja lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því að hann sé

bundinn kjarasamningum við félög innan VSI um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf.

Eins og rakið er undir 1. sé þetta rangt varðandi langfjölmennasta hópin sem starfi hjá SVR hf., þ.e. vagnstjórana. Er vísað til þess sem þar segir um þetta atriði. Fyrrum starfsmenn SVR hafi verið félagsmenn stefnda og hafi skriflega óskað eftir framhaldandi félagsaðild að því félagi. Félagið hafi breytt tilgangi sínum og reglum um félagsaðild til þess að verða við óskum starfsmannanna og félagið hafi allt frá stofnun SVR hf. gert kröfu um kjarasamning fyrir félagsmenn sína gagnvart SVR hf. Vegna áskorunar lögmans stefnda í stefnu um að stefndi upplýsi fyrir hverja starfsmann SVR hf. hann gerir kröfu um kjarasamning skuli upplýst að það séu þeir félagsmenn hans sem hjá félaginu starfi, sbr. framlagða lista með eiginhandrúðirritunum félagsmannanna.

Sú ákvörðun stjórnar SVR hf. að ganga í VSI geti ekki svipt starfsmennina eða stéttarfélag þeirra réttinum til þess að krefjast kjarasamnings um þau störf sem þeir gegni hjá SVR hf. Slíkt sé andstætt þeim grundvallarreglum, sem að framan er lýst.

Þessu til viðbótar er bent á að algengt sé að forgangsréttarákvæði kjarasamninga stéttarfélaga innan ASÍ skarist. Þannig semji VSI t.d. við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Dagsbrún um störf bílstjóra og ótal önnur dæmi séu til um að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum skarist.

4. Í fjórða lagi byggir stefnandi á því að honum sé ómögulegt efnislega að verða við þeirri „grundvallarkröfu“ stefnda að tryggja starfsmönnum réttarstöðu opinberra starfsmanna.

Það sé misskilningur hjá stefnanda að stefndi krefjist réttarstöðu opinberra starfsmanna fyrir starfsmenn SVR hf. Krafan sé um gerð kjarasamnings þar sem tryggt verði að laun og önnur starfskjör verði óbreytt frá því sem verið hafi í starfi hjá fyrri vinnuveitanda. Augljóst sé að af þeirri ástæðu einni, að SVR hf. sé hlutafélag, geti réttarstaða starfsmanna félagsins aldrei orðið hin sama. Mögulegt gjaldþrot hlutafélagsins geri eitt og sér þennan mun.

5. Í fimmta lagi virðist stefnandi byggja á því að núverandi lög St.Rv. séu ekki löglega gerð. Þessu er mótmælt. Lagabreytingin hafi verið samþykkt á aukaaðalfundi í félaginu með 102 atkvæðum gegn 2. Til aukaaðalfundarins hafi verið boðað samkvæmt reglum félagsins og lagabreytingin hafi engum andmælum sætt af hálfu fé-

lagsmanna stefnda. Skv. 1. mgr. 3. gr. 1. nr 80/1938 ráði stéttarfélög málefnum sínum sjálf með þeim takmörkunum sem settar séu í lögum. Stefndi eigi enga aðild að máli um félagslög stéttarfélagsins og beri því að hafna slíkri kröfu eða vísa kröfu hans um breytingar á lögum stefnda frá dómi án kröfu.

Stefnandi virðist telja að félagsreglur St.Rv. um aðalfund geri það að verkum að ekki sé hægt að boða til aukaaðalfundar. Þessu er stefndi ósammála. Félagsreglurnar leggi þá skyldu á stjórn félags að halda aðalfund, en þær banni ekki að til aukaaðalfunda sé boðað. Algengt sé í félögum að boða til aukaaðalfunda þegar upp komi mál sem einungis verði ráðið til lykta á aðalfundi, ef málefnið geti ekki beðið reglulegs aðalfundar. Aðalatriðið sé að félagsmönnum sé gert ljóst í fundarboði að um aðalfund sé að ræða og þeim þannig kynnt þau málefni sem þar skuli fjallað um. Þessa hafi vandlega verið gætt í þessu tilvik. Til fundarins hafi verið boðað með auglýsingu í sjónvarpi og með því að hengja upp fundarboð á vinnustöðum.

Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar um verkfallsboðun skuli upplýst, af gefnu tilefni í stefnu, að á kjörskrá hafi verið félagsmenn stefnda sem starfi hjá SVR hf. Um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar er vísað til greinargerðar frá kjörstjórn St.Rv. Ekki sé vafi á því að við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar hafi verið gætt mun betur formskilyrða, t.d. um leynd og kjörskrá, en almennt gerist hjá stéttarfélögum þegar tekin sé afstaða til verkfallsboðunar. Er t.d. bent á fordæmi hjá Dagsbrún þar sem ákvörðun um boðun verkfalls sé tekin á opnum fundum þar sem félagsmenn greiði atkvæði með handauppréttingu. Slíkur háttur á boðun verkfalls hafi verið talinn lögmætur.

6. Stefndi gerir kröfu um að stefndi verði dæmdur til sektar greiðslu vegna verkfallsboðunarinnar. Þegar af þeirri ástæðu að stefndi hafi farið að lögum við boðun verkfallsins beri að hafna þessari kröfu stefnanda.

7. Krafa stefnda um málskostnað styðst við 129. og 130. gr. eml.

Að mati stefnda leiða allar framangreindar málsástæður og laga-rök til þess að taka ber sýknu- og málskostnaðarkröfu hans til greina.

Af hálfu réttargæslustefnda Alþýðusambands Íslands er ekki gerð athugasemd við málavaxtalýsingu í stefnu, en til viðbótar því sem þar er rakið skuli upplýst að fulltrúar frá Alþýðusambandi Ís-



lands og hlutaðeigandi aðildarfélagum þess hafi í samvinnu við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og fulltrúa starfsmanna SVR hf. reynt að finna lausn á kjaramálum og aðildarmálum starfsmanna fyrirtækisins. Allan tímunn hafi það verið meginmarkmið afskipta ASÍ af þessu máli að tryggja svo sem kostur væri hagsmunum starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur við þá formbreytingu sem gerð hafi verið, bæði þeirra sem voru í starfi hjá SVR og tækju ráðningu hjá hinu nýja fyrirtæki og þeirra starfsmanna sem ráðnir yrðu nýir hjá fyrirtækinu. Þrátt fyrir marga fundi síðastliðið haust hafi þessum aðilum ekki tekist sameiginlega að ná fram ásettannlegri niðurstöðu í málinu þann 1. desember 1993, þegar Strætisvögnum Reykjavíkur hafi verið breytt í SVR hf. Þessu til áréttingar hafi forseti ASÍ ritað starfsmönnum SVR hf. bréf dags. 21. desember sl. og sagt þar jafnframt að ASÍ myndi ásamt hlutaðeigandi félagum leitast við að gera kjarasamninga við VSÍ vegna starfsmanna SVR. Vegna verkfallsboðunar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hafi ASÍ og aðildarfélag þess ekki enn hafið þessa vinnu.

Þar sem kröfur séu ekki gerðar á hendur réttargæslustefndu geti niðurstaða þessa máls ekki haft áhrif á réttarstöðu þeirra eða þá kjarasamninga sem þeir hafi gert. Svo sem fram komi í framlögðu bréfi forseta ASÍ til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar gildi forgangsréttarákvæði kjarasamninga ASÍ og VSÍ um þau störf sem unnin séu hjá SVR hf. með sama hætti og um störf starfsmanna annarra aðildarfyrirtækja VSÍ. Þar með teljist störf vagnstjóra, starfsmanna þvottastöðvar, skrifstofufólks og starfsmanna bifreiðaverkstæðis. Með vísan til Félagsdóms 9. mars 1989 í málinu nr. 2/1989, VSÍ f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna ÍSNO hf. gegn Alþýðusambandi Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Vertkalyðsfélags Vestmannaeyja, hljóti gildandi kjarasamningar milli ASÍ og hlutaðeigandi aðildarfélaga þess við VSÍ að binda starfsmenn SVR hf.

Af hálfu réttargæslustefnda Verkamannafélagsins Dagsbrúnar er tekið fram að stefnandi geri ekki kröfur á hendur honum í máli þessu. Kröfur og rökstuðningur stefnanda og hugsanleg niðurstaða málsins geti því ekki skuldbundið réttargæslustefnda eða haft áhrif á réttarstöðu hans samkvæmt gildandi kjarasamningum. Verði niðurstaða málsins sú að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar eigi ekki samningsrétt fyrir hönd starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur

hf. og boðað verfall teljist ólögmaett muni réttargæslustefndi ganga til viðræðna við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og viðkomandi starfsmenn um félagskipti og félagsaðild að Verkamannafélaginu Dagsbrún, réttindi þeirra og skyldur.

Af hálfu réttargæslustefnda Verkskjórasambands Íslands er tekið fram að hann standi ekki að greindri verkfallsboðun og dómsniðurstaða í máli þessu varði ekki félagsmenn réttargæslustefnda. Þar sem um sé að ræða verkfallsboðun vagnstjóra og enginn þeirra sé félagsmaður réttargæslustefnda, telur réttargæslustefndi Verkskjórasamband Íslands ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

#### *Niðurstaða.*

Svo sem fram er komið samþykkti borgarsjórn Reykjavíkur á fundi sínum hinn 26. ágúst 1993 að stofna hlutafélag, Strætisvagna Reykjavíkur hf., sem yfirtaka skyldi eignir og rekstur Strætisvagna Reykjavíkur frá 1. desember 1993. Í samþykkt þessari er tekið fram að öllum starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur skuli boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi og skuli atvinnuöryggi þeirra, laun og launakjör, önnur kjör og réttindi svo og lífeyriréttindi tryggð með þeim hætti, sem fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra lögfræði- og stjórnsýsludeildar til borgarráðs dags. 27. júlí 1993. Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar (St.Rv.) gerði athugasemdir við efni þeirrar skýrslu í bréfi til borgarstjóra dags. 5. ágúst 1993, svo sem varðandi lífeyrismál og biðlaun, en einnig var að því fundið að í skýrslunni komi fram að laun og önnur starfskjör skuli vera sambærileg, en ekki þau sömu, eins og starfsmönnum hafi verið heitið. Með bréfum dagsettu 27. ágúst 1993 var öllum starfsmönnum SVR sagt upp störfum samhliða því að þeim var boðið starf hjá hinu nýja hlutafélagi. Í september 1993 undirrituðu fjölmargir starfsmenn SVR, félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, yfirlýsingu þar sem þeir óskuðu eftir að vera áfram fullgildir félagsmenn í því félagi eftir yfirtöku SVR hf. á rekstri fyrirtækisins. Þetta leiddi til þess að stefndi boðaði til aukaaðalfundar þann 25. nóvember 1993. Á þeim fundi voru samþykktar breytingar á 2. gr. laga félagsins þess efnis að félagið væri einnig stéttarfélag starfsmanna fyrirtækja sem starfa í almannabágu og hafa verið í eigu borgarinnar, en eru nú rekin af öðrum aðilum og að félagið færi jafnframt með kjarasamningsfyrirsvar þeirra starfsmanna samkvæmt lögum um stéttarfélag og vinnudeilur nr. 80/1938.

Með aðilum hefur verið ágreiningur um ráðningarkjör þeirra starfsmanna SVR hf. sem áður störfuðu hjá SVR og um félagsaðild þeirra. Viðræður aðila ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands og fulltrúum Vinnuveitendasambandsins báru ekki árangur. SVR hf. byggir á því að kjarasamningur Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg hafi ekkert gildi eftir 1. desember 1993, þar sem hið nýja félag sé óbundið af þeim samningi. Ekki sé hægt að semja við St. Rv. þar sem SVR hf. hafi með inngöngu sinni í Vinnuveitendasamband Íslands þar með skuldbundið sig til þess að semja einungis við stéttarfélög innan ASÍ um þau störf sem unnin eru hjá SVR hf. Er í því efni skírskotað til forgangsretrákvæða ýmissa kjarasamninga.

Með bréfi dagsettu 4. janúar 1994 krafðist samninganefnd St.Rv. f.h. starfsmanna SVR hf., félagsmanna í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, viðræðna um gerð nýs kjarasamnings. Jafnframt var SVR hf. kynnt niðurstaða atkvæðagreiðslu um heimild til verkfallsboðunar. Í samþykkt stjórnar SVR hf. dags. 5. janúar 1994 sem send var starfsmönnum kemur fram að breyting verði á aðild starfsmanna að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og að starfsmenn SVR hf. muni ekki falla úr kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar vísaði deilunni til ríkissáttasemjara með bréfi dags. 7. janúar 1994. Bréfinu fylgdi svofelld kröfugerð:

„Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, fyrir hönd félagsmanna sinna, sem starfa hjá SVR hf. gerir hér með kröfu um að gengið verði frá kjarasamningi milli aðila.

Gerður verði samningur milli St.Rv. og SVR hf., sem byggir, eftir því sem við getur átt, á kjarasamningi milli St. Rv. og Reykjavíkurborgar, er gildi um kjör starfsmanna SVR hf. meðan þeir voru borgarstarfsmenn.

Inn í kjarasamninginn verði tekin ákvæði um réttindi samhljóða þeim, sem starfsmenn SVR hf. nutu sem borgarstarfsmenn, hvort sem þau réttindi byggðust á lögum, reglugerðum, einhliða ákvörðunum borgarinnar, ákvörðunum í Starfskjaranefnd eða öðrum heimildum.

Meginmarkmið með gerð kjarasamnings er að tryggja félagsmönnum St.Rv., sem nú starfa hjá SVR hf., lágmarkskjör á grund-

velli kjarasamnings þau laun, réttindi og önnur ráðningarkjör, sem áður giltu hjá SVR.“

Í bréfi stefnanda til ríkissáttasemjara hinn 10. janúar 1994 segir að ekki sé kjaradeila milli aðila og því engin efni til fundahalda hjá sáttasemjara. Samdægurs barst stefnanda verkfallsboðun sú sem mál þetta snýst um. Þar segir svo: „Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar vegna félagsmanna sinna, sem starfa hjá SVR hf. boðar hér með verkfall vagnstjóra hjá SVR hf. Verkfallið hefst kl. 24.00 mánuðaginn 17. janúar 1994 og er boðað til þess að knýja á um gerð kjarasamnings milli St.Rv. og SVR hf. Verkfallsboðunin var samþykkt á fundi stjórnar St.Rv. og samninganefndar þeirra félagsmanna St.Rv. sem starfa hjá SVR hf., í dag 10.01.1994 á grundvelli heimildar í skriflegri atkvæðagreiðslu hjá viðkomandi félagsmönnum.“

Með bréfi stefnanda dags. 11. janúar var verkfallsboðun stefnda mótmælt sem ólögmetri jafnframt því sem skorað var á stefnda að endurskoða þá afstöðu sína og afturkalla verkfallsboðun sína. Því var hafnað með bréfi stefnda dags. 11. janúar 1994.

Undir rekstri máls þessa samþykkti stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og samninganefnd starfsmanna SVR hf., félagsmanna í St.Rv., að áður boðuðu verkfalli vagnstjóra hjá SVR hf., sem hefjast átti kl. 24.00 þann 17. janúar 1994 yrði frestað til kl. 24.00, þann 19. janúar 1994.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar er stéttarfélag samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 4. gr. laganna. Strætisvagnar Reykjavíkur hf. er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og þar með bundið af gildandi kjarasamningum þess við aðildarfélög Alþýðusambands Íslands. Um þá kjarasamninga fer eftir lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Það er álit dómsins að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar uppfylli ekki það skilyrði 2. gr. laga nr. 80/1938 að vera opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæði þess og geti því ekki verið lögformlegur samningsaðili samkvæmt 5. gr. þeirra laga. Félagsaðild starfsmanna SVR hf. í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og framangreindar breytingar á lögum félagsins fá engu breytt í því efni.

Ber því að taka til greina þá kröfu stefnanda að vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. sem boðuð var af

stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 miðvikudaginn 19. janúar 1994 verði dæmd ólögmat.

Ekki þykja efni til að dæma stefnda, Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, til greiðslu sektar.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 80.000,- í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaðar kröfu réttargæslustefnda, Verkstjórasambands Íslands, er hafnað.

#### D ó m s o r ð:

Vinnustöðvun vagnstjóra hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf., sem boðuð var af stefnda, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, með bréfi dags. 10. janúar 1994 og koma á til framkvæmda kl. 24:00 miðvikudaginn 19. janúar 1994, er ólögmat.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu stefnanda um greiðslu sektar.

Stefndi greiði stefnanda kr. 80.000,- í málskostnað.

Málskostnaðarkröfu réttargæslustefnda, Verkstjórasambands Íslands, er hafnað.

#### S é r a t k v æ ð i Eiríks Helgasonar

Í málinu liggur fyrir að yfirgnæfandi meirihluti starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur hf. hefur skriflega óskað eftir aðild að Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og jafnframt að félagið komi fram sem stéttarfélag þeirra í kjarasamningum við vinnuveitandann. Á aukaaðalfundi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar 25. nóvember 1993 voru gerðar breytingar á lögum félagsins til þess að verða við framangreindri ósk starfsmanna. Skýra ber 2. laga nr. 80 frá 1938 með hljóðsjón af 73. gr. stjórnarskrár um félagafrelsi, 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og samþykktu Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar nr. 87, um félagafrelsi og verndun þess og nr. 98, um beitingu grundvallarreglnanna um réttinn til að stofna félag og semja sameiginlega. Fyrir liggur í málinu að samkvæmt lögum sínum er Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar opið öllum starfsmönnum sem starfa hjá fyrirtækjum sem starfa í almannabágu og hafa verið í eigu

borgarinnar sem nú eru rekin af öðrum aðilum. Þá er félagssvæði ekki takmarkað. Það hefur ekki þýðingu varðandi þessa niðurstöðu að félagið er jafnframt stéttarfélag annarra félagsmanna sem hafa samningsrétt samkvæmt lögum nr. 94/1986.

Með skírskotun til þessa tel ég Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar uppfylla öll skilyrði laga nr. 80/1938 til þess að vera stéttarfélag þeirra félagsmanna sinna sem starfa hjá Strætisvögnum Reykjavíkur hf. skv. 2. sbr. 5. gr. laganna og þar sem staðið var með réttum hætti að kosningu um heimild til boðunar verkfalls tel ég verkfallsboðun stefnda lögmat.